

69
2. júlí

A U G L Ý S I N G

um samkomulag milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um vegabréfsáritanir.

Með orðsendingu, dags. 4. júní 1956, var gert samkomulag milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um að almennar vegabréfsáritanir skuli frá 1. ágúst 1956 gefnar út til fjögurra ára í einu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 2. júli 1956.

Kristinn Guðmundsson,

Henrik Sv. Björnsson.

Stjórnartíðindi 1956, A. 12.

70
21. sept.

B R Á Ð A B I R G Ð A L Ö G

um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórnum, veðlán til íbúða-bygginga og útrýmingar heilsuspíllandi íbúða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að störf húsnæðismálastjórnar hafi reynzt miklu umfangsmeiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Auk þess hafi húsnæðismálastjórnum nýlega verið falið umfangsmikið verkefni, þ. e. að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 63 21. ágúst 1956, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum. Það beri því brýna nauðsyn til þess, að breyta nú þegar lögum nr. 55 20. maí 1955, um húsnæðismálastjórnum, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspíllandi íbúða á þann veg, að tilnefna skuli þrjá menn úr húsnæðismálastjórnum til þess að annast allar framkvæmdir á vegum hennar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, en jafnframt verði fjölgæð um two menn í húsnæðismálastjórnum.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskráinnar, á þessa leið:

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1955 hljóði þannig:

Í húsnæðismálastjórnum skulu vera sjó menn, valdir af ráðherra, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Jafnmargir varamenn skulu valdir og einn þeirra eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Ráðherra tilnefnir þrjá menn úr húsnæðismálastjórnum til þess að hafa á hendi stjórn allra framkvæmda á vegum hennar eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Að öðru leyti skiptir húsnæðismálastjórnum með sér störfum.

2. gr.

Ráðherra velur nú þegar two menn, sem eiga skulu sæti í húsnæðismálastjórnum, ásamt þeim fimm mönnum, sem nú eiga þar sæti.